

3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2013-2014

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík mánudaginn 16. desember 2013 kl. 13:00.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Haraldur Bóasson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Starfs- og rekstraráætlun 2014

Framkvæmdastjóri lagði fram og gerði grein fyrir drögum að starfsáætlun næsta árs. Gert er ráð fyrir óbreyttu umfangi starfseminnar og að grunnstarfsemi félagsins verði óbreytt en inn koma þó ný verkefni jafnhliða því sem eldri verkefni sem lokið er falla út.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að rekstraráætlun sem farið var yfir og byggir á framlagðri starfsáætlun. Gert er ráð fyrir svipuðum tekjum og í ár og að reksturinn verði í jafnvægi.

Að yfirferð og umræðum loknum voru starfs- og rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2014 samþykktar samhljóða.

2. Forkaupsréttartilboð v/ hlutabréfa í Tækifæri hf.

Fyrir liggur forkaupsréttartilboð vegna kaupa KEA svf. á hlut Íslandsbanka hf, Arion banka hf. LBI hf. og Glitnis hf. í Tækifæri hf. að upphæð kr. 62.917.362,- en hlutur atvinnuþróunarfélagsins í Tækifæri hf. er 0,4% og forkaupsréttur því að kr. 251.669,-

Samþykkt að nýta ekki ofangreindan forkaupsrétt.

3. Viljayfirlýsing um samstarf Orkuseturs landbúnaðarins, sem starfrækt er við Landbúnaðarháskóla Íslands, AFE og AP

Fyrir liggja drög að viljayfirlýsingu um samstarf aðila varðandi greiningu framtíðar tækifæra, stefnumótun og þróun lausna í framleiðslu lífelfsneytis og lífræns áburðar á Norðausturlandi. Markmið viljayfirlýsingarinnar er að sameina þekkingu, reynslu og tengslanet samstarfaðila til að styrkja innviði til nýtingar lífmassa á Norðausturlandi til orku og áburðarframleiðslu og stuðla þannig að aukinni sjálfbærni á svæðinu.

Samþykkt að taka þátt í samstarfinu og framkvæmdastjóra veitt umboð til að undirrita viljayfirlýsinguna fyrir hönd félagsins enda feli það ekki í sér aðrar skuldbindingar en almennt samstarf og upplýsingagjöf á skilgreindum sviðum viljayfirlýsingarinnar og að veita sérfræðingum Orkuseturs landbúnaðarins tímabundna vinnuáðstöðu.

4. Staða Vaxtarsamnings Norðausturlands

Framkvæmastjóri gerði grein fyrir megin atriðum í framkvæmd vaxtarsamningsins sem rennur út um nk. áramót. Síðasti úthlutunarfundur var í síðustu viku og hefur öllum fjármunum samningsins nú verið ráðstafað. Á grundvelli umsókna hefur verið ráðstafað til verkefna 78,5 mkr., til sérstaks stuðnings við verkefni á Raufarhöfn sem til þess eru fallin að styrkja byggðafestuverkefni sem Byggðastofnun leiðir á staðnum 4,8 mkr., til

skilgreindra verkefna í umsjón atvinnuþróunarfélagsins skv. sérstökum viðauka við samninginn 3,7 mkr. og til almenns rekstrarkostnaðar samningsins 1,1 mkr.

Allir vaxtarsamningar á landinu renna út um áramótin og er gert ráð fyrir að þeir verði endurnýjaðir á nýju ári þó ekki liggi fyrir á þessari stundu hvenær það verður né hvernig fjármunir muni skiptast á milli þeirra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30